



Samtök
fjármálafyrirtækja

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

Reykjavík, 8. febrúar 2021

Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda), 400. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. SFF eru fylgjandi lögfestingu frumvarpsins og því markmiði þess að tryggja að deilur neytenda við m.a. aðildarfélög SFF (fjármálafyrirtæki og váttryggingafélög), verði leystar hjá frjálsum viðurkenndum úrskurðaraðilum í stað lögbundinna úrskurðaraðila. Lögfesting frumvarpsins mun leiða til þess að starfsemi úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki færist nær upprunalegu fyrirkomulagi þannig að þær starfi fyrst og fremst á grundvelli samninga SFF og Neytendasamtakanna, án þess að skerða aðgengi neytenda að skilvirkri og faglegri málsmeðferð utan dómstóla.

Samstarf SFF og Neytendasamtakanna á þessu sviði hefur verið farsælt um árabíl. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki hefur starfað í rúma tvo áratugi eða frá árinu 2000. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hefur starfað í 15 ár eða frá árinu 2005. Með tilkomu þessara nefnda fengu neytendur skilvirka og ódýra leið til að skjóta álitamálum til óvilhallra úrskurðarnefnda sem upphaflega voru stofnaðar með samningum en síðar voru lög samþykkt sem ætlað var að treysta frekar grundvöll fyrir tilvist þeirra. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur þessi tvöfaldi tilverugrundvöllur nefndanna leitt til óskýrrar stjórnsýslulegrar stöðu þeirra. Frumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu og styðja SFF þau áform.

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur